

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 119/2008

frá 7. nóvember 2008

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 104/2008 frá 26. september 2008 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 287/2008 frá 28. mars 2008 um framlengingu á gildistímanum sem um getur í 3. mgr. 2. gr. c. í reglugerð (EB) nr. 1702/2003 ⁽²⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 66p (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1702/2003) í XIII. viðauka við samninginn:

„66pa. **32008 R 0287**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 287/2008 frá 28. mars 2008 um framlengingu á gildistímanum sem um getur í 3. mgr. 2. gr. c. í reglugerð (EB) nr. 1702/2003 (Stjtið. ESB L 87, 29.3.2008, bls. 3).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 287/2008, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 8. nóvember 2008 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 309, 20.11.2008, bls. 30, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 70, 20.11.2008, bls. 19.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 87, 29.3.2008, bls. 3.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Gjört í Brussel 7. nóvember 2008.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nikulás prins af Liechtenstein

formaður.